

# Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

## Fundur

Fundur haldinn í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra föstudaginn 17.11.2017 á Sauðárkróki, kl: 14.30. Mættir eru undirritaðir auk Sigurjóns Þórðarsonar framkvæmdastjóra og Steinunnar Hjartardóttur heilbrigðisfulltrúa.

---

Dagsskrá:

1. Ósk Olúfélags Íslands um að fá að yfirtaka starfsleyfi bensínstöðvar N1 í Varmahlíð sbr. 27 gr. reglugerðar 785/1999.

Afgreiðslur:

- 1) Heilbrigðisnefnd átelur Olúfélag Íslands fyrir að hefja rekstur bensínstöðvar í Varmahlíð án þess að afla sér starfsleyfis og brjóta þar með lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðisnefnd lýsir yfir stuðningi við aðgerðir framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlitsins um að beita þvingunarúrræðum, til þess að knýja á um úrbætur.

Heilbrigðisnefndin samþykkir ósk Olúfélags Íslands um að yfirtaka starfsleyfi sem N1 hafði til að reka bensínstöð í Varmahlíð með þeim réttindum og skyldum sem starfsleyfinu fylgja. Umræddur búnaður uppfyllir ekki kröfur reglugerðar 884/2017 og hefur Heilbrigðisnefnd þegar ákveðið að beita dagsektum til þess að knýja á um úrbætur á búnaði stöðvarinnar. Hér með færast sú ákvörðun um dagsektir af N1 og yfir á Olúfélag Íslands frá og með 1. janúar 2018.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Guðný Helga Kristjánsdóttir, í síma  
Sigríður Magnúsdóttir formaður  
Brynja I. Hafsteinsdóttir, í síma  
Ína Ársælsdóttir, varaformaður, í síma  
Anna Margrét Sigurðardóttir, í síma  
Haraldur Þór Jóhannsson

